

Alþingi  
Kirkjustræti  
101

Hornafirði, 26. október 2023

nr. erindis 202310054

**Málefni: Umsögn um samgönguáætlun fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028**

Sveitarfélagið Hornafjörður fagnar framkomnum drögum að samgönguáætlun og tekur undir þá framtíðarsýn og meginmarkmið sem sett eru fram í áætluninni um að innviðir mæti þörfum samfélagsins og að áætlunin stuðli að því að sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt.

Einnig á að taka tillit til óska sveitastjórna og sóknaráætlana landshluta sem er jákvætt og reynt að tryggja sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu. Með tilvísun í ofangreint og markmið samgönguáætlunar um jákvæða byggðaþróun og öruggar og hagkvæmar samgöngur leggur sveitarfélagið Hornafjörður áherslu á að forgangsraða verði aðgerðum á umferðarmiklum vegum og að megin samgönguleið þéttbýlisins á Höfn við höfuðborgarsvæðið verði gerð örugg og hagkvæm. Mikilvægt er að vetrarþjónusta endurspegli aukningu umferðar á vegum til að mæta byggðaþróun og lengingu ferðamannatímabils.

**Þjóðvegur 1**

Sveitarfélagið Hornafjörður er víðfeðmt og vegalengdir langar. Þjóðvegur 1 er eina flutningsleið aðfanga í stóran hluta sveitarfélagsins. Jafnframt aukningu á flutningum hefur ferðamannastraumur verið mikill og vaxandi undanfarin ár. Umferðaþungi hefur því aukist gífurlega og samhliða hefur slysatíðni aukist. Nú er svo komið að víða ber þjóðvegurinn engan veginn þann umferðaþunga sem um hann fer. Vakin er athygli á því að umferðaþungi á þjóðvegi 1 frá Vík að Jökulsárlóni er orðin sambærileg umferð milli Norðurárdals og Akureyrar. Það er því mikilvægt að vegir hafi nægilegt burðarþol allt árið.

Á þessari leið eru enn fjölmargar einbreiðar og hættulegar brýr auk þess sem vegbreidd er oft ekki nægileg. Það er enn svo víða í sveitarfélaginu að vegir eru mjóir og vegaxlir engar. Ekki er að sjá að samgönguáætlun taki á slíku þar sem ekki er fyrirhuguð lagning nýrra vega. Það er því mikilvægt að leita leiða til að breikka vegi þar sem ekki liggur fyrir áætlun um nýlagningu.

Ferðamannatíminn hefur einnig lengst sem er vel en til að svo geti þróast áfram er mikilvægt að tryggja öryggi ferðamanna á vegum yfir allt árið sem og öruggar flutningaleiðir. Það er því mjög mikilvægt fyrir bæði umferðaröryggi og byggðaþróun að halda uppi öflugri vetrarþjónustu alla leið til Hafnar í Hornafirði.

Sveitarfélagið telur að mikilvægt sé að halda áfram að fækka einbreiðum brúm á þjóðvegi 1, með því eykst öryggi vegfarenda. Það er með öllu óásættanlegt að ekki sé gert ráð fyrir nýrri brú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi fyrr en eftir árið 2034. Brúin er í dag mikill flöskuháls á þjóðveginum og hættuleg og ber engan veginn þann umferðaþunga sem um hana er auk

Þess sem mikið er um gangandi og hjólandi vegfarendur á svæðinu sem eru í mikilli hættu á brúnni.

Unnið er að styttingu þjóðvegjar um Hornafjarðarfljót og með þeirri framkvæmd verður einbreiðum brúm á þjóðvegi eitt fækkað nokkuð og gera má ráð fyrir að af framkvæmdinni verði jákvæð á hrif á umferðaröryggi og byggðapróun. Framkvæmdin mun styrkja vinnusóknarsvæði í sveitarfélaginu þar sem margir sækja vinnu og skóla í þéttbýlið og vinnu frá Höfn í dreifbýlið s.s. Vatnajökulsþjóðgarð. Þess ber þó að geta að í samgönguáætlun eru tvær aðrar veglínur á áætlun á leiðinni Hornafjörður - Reykjavík sem gert er ráð fyrir að verði fjármagnaðar með veggjöldum, um Reynisfjall og Ölfusá. Það er því ítrekað að veggjöld þurfa að vera í lágmarki til að tryggja jafnræði íbúa óháð búsetu.

Því ber einnig að fagna að sjá áform um styttingu þjóðvegjar í Örafum milli Gljúfursá og Morsár þar sem vegurinn styttist um a.m.k. 5 km og einbreiðum brúm fækkar um fjórar. Að auki má telja líklegt að umferðaröryggi aukist umtalsvert við að færa veginn fjær fjöllunum við Sandfell.

Einnig er jákvætt að sjá styttingu vegjar um Lón, þar sem um 2-5 km stytting er og fækkun um 5 einbreiðar brýr. Sveitarfélagið telur að leggja ætti meiri áherslu á göng um Lónsheiði enda er núverandi vegur um Þvottáskriður bæði hættulegur og kallar á kostnaðarsamt viðhald.

Sveitarfélagið Hornafjörður leggur áherslu á að komið sé á heilsársvegi yfir Öxi sem fyrst enda mikilvægt að íbúar í sveitarfélaginu geti nýtt sé þjónustu á Egilsstöðum.

### **Aðrir vegir og samgöngur**

Ferðamenn aka ekki eingöngu á þjóðvegum heldur einnig að áhugaverðum náttúruperlum m.a. innan stærsta þjóðgarðs á Íslandi, Vatnajökulsþjóðgarðs, þangað sem vegir eru oft á tíðum í slæmu ástandi og víða er enginn veghaldari annar en landeigandi sem hefur oftast en ekki engan hag af umferð um veginn. Á síðustu árum hefur lágmarksviðhald á þessum vegum verið sóttur í gegnum styrkvegasjóð en vakin er athygli á því að það fyrirkomulag er engan veginn fullnægjandi og til skammar að aðkomuvegum inn í Vatnajökulsþjóðgarð og að náttúruperlum sem þúsundir manna fara um ár hvert sé ekki betur sinnt. Tryggja þarf aðkomu að þjóðgarðinum og koma veghaldi á hreint.

Varðandi hjóla og göngustíga vill sveitarfélagið áréttta það að vegalengdir eru gríðarlega langar í sveitarfélaginu og mikilvægt fyrir hagkvæmni og öryggi samgangna sem og byggðapróun að gera ráð fyrir uppbygginu stíga utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir svo fámennt sveitarfélag með slíkar vegalengdir er mikilvægt að Vegagerðin komi að slíkri uppbyggingu og óviðráðanlegt fyrir sveitarfélagið að standa undir 50% kostnaðar.

Sveitarfélagið Hornafjörður saknar þess að ekki sé gert ráð fyrir færslu þjóðvegjar í þéttbýli á Höfn en þjóðvegurinn eins og hann er nú liggur meðfram skóla- og íþróttasvæði á Höfn og er óásættanlegur fyrir íbúa eins og hann er.

### **Hornafjarðarflugvöllur**

Það er hér með ítrekað að tryggja rekstur innanlandsflugs með ákveðnum hætti.. Niðurgreiðslu ríkisins í farþegagjöldum íbúa í gegnum loftbrú er fagnað. Þrátt fyrir það eru flugfargjöld enn of há svo almenningur geti nýtt sér en gæta þarf þess að flugfargjöld til annarra aðila s.s. fyrirtækja, stofnana og ferðamanna hækki ekki umfram það sem nú er. Einnig er lagt fram það markmið að stutt verði við flugsamgöngur í samræmi við markmið um 3,5 klst. samþættan ferðatíma til höfuðborgarsvæðisins. Flugsamgöngur eru eina samgönguleiðin sem nær þessu markmiði fyrir íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði. Gæta þarf þess að það sé á færi allra, óháð efnahag að ferðast með skjótum hætti til

höfuðborgarinnar. Bæjarstjórn leggur ríka áherslu á að miðstöð samgangna verði í Reykjavík.

Mikilvægt er að lagðar verði fram markvissar leiðir til að fjölga innanlandsfarþegum.

Hornfirðingar hafa lengi barist fyrir því að heimilar verði á Hornafjarðarflugvelli millilandaflug, lítilla til milli stórra flugvéla. Aðstæður eru til staðar og lítið þarf til að svo geti orðið. Við höldum því áfram að leggja áherslu á það bæði til að styrkja ferðaþjónustu á svæðinu og auka öryggi flugfarenda sem koma til og fara frá landinu.

### **Hornafjarðarhöfn**

Innsiglingin um Hornafjarðarós er erfið og á þessu landshorni eru öflug áhrif loftslagsbreytinga þar sem landið er að rísa í stað hækkandi sjávarstöðu. Sjávarútvegur er grunnstoð samfélagsins í atvinnulífi og því gríðarlega mikilvægt að tryggja að höfnin og innsiglingin uppfylli öryggiskröfur með þeim aðgerðum sem þarf til þess að svo geti orðið s.s. reglulegri dýpkun og áframhaldandi rannsóknum á Grynnslunum. Mikilvægt er að tryggja fé í framkvæmdir á Grynnslum, auk rannsókna.

Til stuðnings ofangreindum athugasemdum bendir sveitarfélagið Hornafjörður á skýrslu samgöngunefndar SASS sem tekin var fyrir og samþykkt á ársþingi samtakanna í lok október 2019. Þar eru teknar saman upplýsingar um þau verkefni sem blasa við Sunnlendingum í samgöngumálum 2019-2029. Skýrsluna má finna. Sveitarfélagið Hornafjörður telur enn afar brýnt að fjármagni verði veitt í þessi verkefni þannig að þau komi til framkvæmda á komandi tímabili.

Sveitarfélagið hefur áhyggjur af samdrætti í nýframkvæmdum á sama tíma og fjöldi ferðamanna er að aukast. Það er mikilvægt að uppbygging innviða haldi í við þróunina og telur sveitarfélagið að samdráttur í viðhaldi og nýframkvæmdum geti ógnað sjálfbærni ferðaþjónustunnar, öryggi á vegum úti og byggðaþróun.

Virðingarfyllt

*Sigurjón Andrússon, bæjarstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*